

Fundir stafræns ráðs

Verklagsreglur þjónustu- og nýsköpunarsviðs

1. Undirbúningsfundir stafræns ráðs hefjast kl. 14:30 á fimmtudegi. Ráðsfundir hefjast kl. 13:30 á miðvikudeginum viku seinna.
2. Mál sem eiga að fara á dagskrá stafræns ráðs skulu hafa borist starfsmanni stafræns ráðs á netfangið thon@reykjavik.is eigi síðar en viku fyrir ráðsfund, kl. 13:30 á miðvikudegi, ásamt öllum fylgigögnum. Tilgreina skal heiti málsins, tegund málsins og hvers konar undirbúnings málið þarfnast. Mál sem berast síðar eða er ekki skilað á fullnægjandi hátt fara á dagskrá næsta undirbúningsfundar.
3. Ef gögn sem fylgja máli eru trúnaðarmerkt og eiga ekki að fara í útsendingu skal auðkenna þau sérstaklega á áberandi hátt sem slík auk þess sem vekja skal athygli starfsmanns stafræns ráðs á trúnaðarmerkingunni.
4. Dagskrá undirbúningsfundar er send út í síðasta lagi kl. 12:00 á fimmtudegi. Á fundinn mæta, auka formanns stafræns ráðs og sviðsstjóra þjónustu- og nýsköpunarsviðs, starfsmaður stafræns ráðs, lögfræðingur þjónustu- og nýsköpunarsviðs auk fulltrúa sem tilkynnt hefur mál inn á fundinn. Einnig sitja mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar og deildarstjóri atvinnuþróunar undirbúningsfundina þegar málefni mannréttindaskrifstofu eða atvinnuþróunardeildar eru til umfjöllunar. Starfsmaður stafræns ráðs skráir minnispunkta á fundinum og gerir drög að dagskrá.
5. Ef í ljós kemur á undirbúningsfundi að vinna þarf frekar í máli sem er á dagskrá stafræns ráðs eða ef gögn vantar, skal fullvinna málið og senda endanleg gögn eigi síðar en kl. 16:00 á föstudegi. Að öðrum kosti er málið tekið af dagskrá.
6. Formaður stafræns ráðs stýrir fundum þess og starfsmaður stafræns ráðs ritar fundargerð.



Reykjavíkurborg
Þjónustu- og nýsköpunarsvið

Eva Pandora

Eva Pandora Baldursdóttir,
starfsmaður stafræns ráðs